

Reglur um tilnefningu bæjarlistamanns Fjallabyggðar

1.gr.

Menningarnefnd Fjallabyggðar veitir listamanni í Fjallabyggð nafnbótina „Bæjarlistamaður Fjallabyggðar“, ásamt styrk til eins árs. Aðeins þeir listamenn sem búsettir hafa verið í Fjallabyggð að minnsta kosti um tveggja ára skeið koma til greina. Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast einstaklingum eða hópi.

2. gr.

Styrkurinn skal vera ákveðin upphæð á ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Upphæð styrks skal koma fram þegar auglýst er eftir bæjarlistamanni.

3. gr.

Menningarnefnd auglýsir eftir umsóknum og/eða óskar eftir rökstuddum ábendingum um bæjarlistamann, en er þó ekki bundin af því. Auglýst skal í bæjarblöðum og á heimasíðu Fjallabyggðar fyrir 25. nóvember ár hvert. Ákvörðun um bæjarlistamann er tekin af menningarnefnd.

4. gr.

Í umsókn listamanns skal koma fram á hvern hátt hann hugsar sér að láta sveitarfélagið og íbúa þess njóta listar sinnar.

Það getur t.d. verið með sýningar- eða tónleikahaldi, samstarfi við félög bæjarins og skóla, eldri borgara og/eða aðra listamenn í sveitarfélaginu í samráði við menningarfulltrúa.

5.gr.

Bæjarlistamaður er tilnefndur í upphafi árs út almanaksárið. Menningarnefnd mælist til þess að „Bæjarlistamaður Fjallabyggðar“ láti nafnbótina koma fram sem víðast.

6. gr.

Gera skal skriflegan samning við bæjarlistamann.

7. gr.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í bæjarstjórn.

Samþykkt á 69. fundi bæjarstjórnar 9. nóvember 2011.